



Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2024

Aðalfundur Landsbankans hf. var haldinn föstudaginn 19. apríl 2024 kl. 16:00.

Fundarstaður var Reykjastræti 6 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Skýrsla bankastjóra.
3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
7. Kosning bankaráðs.
8. Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
9. Kosning endurskoðanda.
10. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
11. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
12. Önnur mál.

Fundurinn hófst með því að Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, bauð hluthafa og fundargesti velkomna og setti fundinn. Hún lagði til að Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og að Kristinn Briem, ritari bankaráðs, yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt. Ekki bárust aðrar tillögur og voru þeir lýstir réttkjörnir.

Jóhannes tók því næst við stjórn fundarins.

Samkvæmt 10. gr. samþykta Landsbankans ber að halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og boða verður til fundar með skemmst tveggja vikna fyrirvara og að hámarki fjögurra vikna fyrirvara. Boðað var til þessa aðalfundar með auglýsingu sem birtist í *Morgunblaðinu* 28. mars 2024 og var boðunin því í samræmi við samþykktir bankans. Dagskrá og endanlegar tillögur voru lagðar fram tveimur vikum fyrir fundinn sem er einnig í samræmi við samþykktirnar.

Fundarstjóri lýsti því yfir að til fundarins hefði verið boðað með lögumætum hætti og eftir að hafa innt eftir athugasemdum við áður nefnda framkvæmd fundarins lýsti hann fundinn lögumætum að öðru leyti.

Mættir voru 48 hluthafar á aðalfundinn og voru það eigendur hlutfjár að nafnvirði sem svarar til 99,82% útistandandi hlutfjár.

Jóhannes fór yfir fyrirkomulag fundarins og minnti á að orðið yrði gefið laust um tillögur og að hluthafar gætu tekið til máls undir einstökum dagskrárliðum. Tillögur yrðu bornar upp með handauppréttingu, þar sem hlutfjáreign í bankanum væri með tilteknum hætti. Skrifleg

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

atkvæðagreiðsla færi þó fram um kosningu bankaráðs þar sem framboð á fundinum væru fleiri en þau sæti sem kosið er um.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár

Fyrsti liður á dagskrá fundarins var skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans á síðastliðnu ári og flutti Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, skýrsluna.

Í skýrslu sinni fjallaði Helga Björk meðal annars um þau tímamót þegar hún lætur af störfum í bankaráði eftir að hafa setið í bankaráði frá árinu 2013 og verið formaður síðan 2016.

Helga Björk vék að því að rekstur bankans hafi verið sérlega traustur, sama á hvaða mælikvarða er litið. Þá fór hún yfir þá þróun undanfarinna ára að fjármálaþjónusta og fjármálamarkaðurinn hafi einkennst af miklum og hröðum breytingum, bæði á alþjóðavettvangi og hérlendis. Fleiri fyrirtæki bjóði nú fjármálaþjónustu og í tilteknum afmörkuðum þjónustubáttum hafi samkeppnin aukist töluvert. Bankinn hafi einnig brugðist við aukinni samkeppni með því að fjölga tekjustoðum og bjóða upp á nýja þjónustu. Gott dæmi um nýja þjónustu bankans er færsluhirðing greiðslukorta sem hafi farið vel af stað.

Helga Björk fjallaði síðan ítarlega um tilboð bankans í TM tryggingar hf.

Hún tók fram að það væri mat bankaráðs að það væri góð viðskiptaákvörðun að gera tilboð í TM enda sé félagið álitlegt fjárfestingartækifæri fyrir Landsbankann. Bankaráð hafi lengi velt fyrir sér kostum þess að bæta tryggingastarfsemi við þjónustuframboð bankans vegna þess að bankaráð telji tryggingar og bankaþjónustu fara vel saman. Aðrir bankar, bæði erlendis og hér á landi, séu sama sinnis.

Helga Björk rakti nánar þá gagnrýni sem komið hefur fram á ákvörðun bankaráðs um að gera tilboð í TM, m.a. um að kaup á TM væru andstæð eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálaþjónustu. Þvert á móti telji bankaráð að kaup á TM falli að markmiðum og tilgangi eigandastefnunnar. Bankaráð hafi unnið eftir markmiðum stefnunnar, enda telji bankaráð ljóst að kaup á TM muni til lengri tíma stuðla að aukinni arðsemi og auka arðgreiðslugetu bankans.

Enn fremur fjallaði formaður bankaráðs um samskiptin við Bankasýsluna vegna tilboðs bankans í TM og þá gagnrýni að tilboðið hafi verið í andstöðu við vilja fjármálaráðherra og ríkisstjórnarsáttmálann. Kvað hún bankaráð hafa upplýst Bankasýsluna eins og gert er ráð fyrir án nokkurra athugasemda af hennar hálfu.

Um það hafi ekki verið deilt að ákvörðunin um að leggja fram tilboð í TM var á forræði bankaráðs og innan heimilda þess samkvæmt þeim lögum og reglum sem bankaráð starfar eftir. Þá liggja fyrir að bankaráð telji að viðskiptin séu í samræmi við eigandastefnu ríkisins, þótt það sé umdeilt, eins og raun ber vitni.

Bankaráð vilji ítreka að bæði bankaráðsmenn og starfsfólk bankans hafi unnið að undirbúningi að tilboði í TM af fullum heilindum. Bankaráð telji að kaupin séu góð fjárfesting fyrir bankann og muni efla hann og styrkja til framtíðar.

Í lok ræðu sinnar þakkaði formaður bankaráðs Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra, öðrum stjórnendum og starfsfólki bankans fyrir gott, skemmtilegt og árangursríkt samstarf undanfarin ár. Þá þakkaði hún hluthöfum, Bankasýslu ríkisins, eftirlitsaðilum og öðrum hagaðilum fyrir samstarfið í gegnum tíðina.

Tryggvi Pálsson, formaður stjórnar Bankasýslu ríkisins, óskaði eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlíð.

Í ávarpi hans kom meðal annars fram það álit Bankasýslunnar að fráfarandi bankaráð hafi ekki sinnt samningsbundinni upplýsingaskyldu við Bankasýsluna áður en skuldbindandi tilboð

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

var gert í TM. Það hafi gengið gegn eigandastefnu ríkisins, gegn sáttmála stjórnarflokkanna og gegn yfirlýstum vilja ráðherra. Bankaráðið hafi ekki gert neinn fyrirvara um samþykki eigenda bankans og þess vegna sé málið erfitt fyrir Landsbankann.

Bankasýslan virði rétta og lögformlega skiptingu hlutverka og treysti því bankaráði, sem verði kosið á þessum aðalfundi, til þess að meta kaupin á TM með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa og meta þá valkosti sem vænlegastir eru fyrir Landsbankann í stöðunni. Bankasýslan viti að það sé vandasamt verk og það muni taka sinn tíma.

Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls.

2. Skýrsla bankastjóra

Þá var komið að skýrslu bankastjóra og gerði Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, grein fyrir henni og helstu niðurstöðum ársreiknings Landsbankans fyrir árið 2023.

Bankastjóri fór í skýrslu sinni yfir tilgang og stefnu bankans og fjallaði m.a. ítarlega um stafræna vegverð hans og virka þátttöku í íslensku samfélagi. Hún áréttaði að útibúin á landsbyggðinni gegndu mikilvægu hlutverki í þjónustu bankans og að með samtengingu útibúanna væri þeim gert kleift að að veita þjónustu um allt land, en ekki eingöngu á ákveðnu starfssvæði. Hún ræddi ennfremur um nýja þjónustu, færsluhirðingu, og þau tækifæri sem hún hefði skapað á fyrirtækjamarkaði.

Bankastjóri fór yfir fjárhagsleg markmið og hvernig til hefði tekist að uppfylla þau. Þá fór bankastjóri yfir helstu þætti rekstrar- og efnahagsreiknings 2023 og hvernig þeir hefðu þróast frá fyrra ári.

Undir lok skýrslu þakkaði bankastjóri samstarfsfólki sínu fyrir gott samstarf. Einnig þakkaði hún fráfarandi bankaráði kærlega fyrir samstarfið á þeim tímamótun þegar verið væri að kveðja alla stjórn bankans. Um leið bauð hún nýjan formann og nýtt bankaráðsfólk velkomið í Landsbankann.

3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar

Þá var komið að því að bera upp ársreikning fyrir liðið starfsár 2023 ásamt skýrslu endurskoðanda til staðfestingar en fyrir fundinum lá tillaga bankaráðs um að hann yrði samþykktur.

Fundarstjóri gaf hluthöfum kost á að tjá sig um ársreikninginn á fundinum. Enginn óskaði eftir að taka til máls og var eftirfarandi tillaga því næst borin upp fyrir fundinn.

Bankaráð Landsbankans leggur til að ársreikningur bankans vegna ársins 2023 verði samþykktur.

Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda var borinn undir fundinn og staðfestur.

4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2023

Fyrir fundinn var lögð eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2023:

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2023 sem nemur 0,70 krónum á hlut og að greiðslan verði tvískipt. Gjaldldagi fyrri greiðslunnar, 0,35 krónur á hlut, skal vera 24. apríl 2024. Gjaldldagi síðari greiðslunnar, 0,35 krónur á hlut, skal vera 16. október 2024. Heildarfjárhæð arðgreiðslna vegna reikningsársins 2023, miðað við

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

útistandandi hluti, nemur samtals um 16.535 milljónum króna, sem samsvarar um 50% af hagnaði ársins.

Arðsréttindi vegna ofangreindra arðgreiðslna skulu miðast við hlutaskrá í lok aðalfundardags 19. apríl 2024 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs.

Arðgreiðslur á árinu 2024:

	Arðsréttinda- dagur	Gjalddagi	Krónur á hlut	Fjárhæð
Fyrri greiðsla	19.04.2024	24.04.2024	0,35	8.267 m.kr.
Síðari greiðsla	19.04.2024	16.10.2024	0,35	8.267 m.kr.
Samtals			0,70	16.535 m.kr.

Fundarstjóri lýsti eftir því hvort fundarmenn óskuðu eftir að taka til máls um tillöguna, en engar óskir komu fram um það.

Tillagan var borin upp og samþykkt.

5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Því næst var komið að tillögu bankaráðs um starfskjarastefnu Landsbankans.

Fundarstjóri gerði nánari grein fyrir tveimur breytingum sem lagðar eru til en þær eru eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi er lagt til að orðið „sjálfbærni“ komi í stað orðanna „samfélagslegrar ábyrgðar“ í 1. mgr. 1. gr. stefnunnar. Sjálfbærni er víðtækara hugtak en samfélagsleg ábyrgð, og er breytingin í samræmi við þá hugtakanotkun sem nú tíðkast í atvinnu- og fræðasamfélagi hér á landi.
- Í öðru lagi er lagt til að nýju ákvæði verði bætt við 2. mgr. 1. gr. stefnunnar sem hljóði þannig: „Þá skulu starfskjör ekki stuðla að óhóflegri áhættutöku að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni.“ Nýja ákvæðinu er ætlað að uppfylla 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu, sem hefur verið veitt lagagildi hér á landi.

Bankaráð lagði til að aðalfundur samþykkti eftirfarandi starfskjarastefnu:

1. gr. Markmið

Landsbankinn leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá bankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, frampróun og viðunandi arðsemi. Í starfskjarastefnu felast jafnframt markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi bankans, að bankinn sé í forystu á sviði góðra stjórnarháttar og sjálfbærni, að hagsmuna hans sé gætt í hvívetna, sem á ekki síst við um orðspor og trúverðugleika, og að hann starfi í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um banka í opinberri eigu.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Þá skulu starfskjör ekki stuðla að óhóflegri áhættutöku að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

2. gr. Starfskjör

Í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá febrúar 2020 kemur fram að setja skuli starfskjarastefnu sem sé samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.

Samkeppnishæf starfskjör í þessum skilningi fela í sér að bankinn eigi að geta laðað að og haldið hæfu starfsfólki og að bankinn geti verið samkeppnishæfur um starfsfólk þó að laun séu undir hæstu launum í samfélaginu.

Þegar rætt er um að starfskjör skuli ekki vera leiðandi ber m.a. að líta til launaþróunar í víðu samhengi og taka með í reikninginn áhrif á launaþróun almennt. Launakjör fyrirtækja sem eru með því allra hæsta sem tíðkast á vinnumarkaði, en þó ekki hæst, eru talin leiðandi.

Hófleg starfskjör fela í sér að ákvarðanir um laun séu teknar með varkárum hætti og stuðli ekki að miklum eða vaxandi mun í launum, að teknu tilliti til ábyrgðar, verkefna og árangurs. Einnig skal taka eðlilegt tillit til þeirra kjara sem fyrirtæki í meirihlutaeigu hins opinbera greiða starfsmönnum sem gegna sambærilegum störfum. Forðast skal miklar launabreytingar á stuttu tímabili. Þess í stað er æskilegra að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti og til samræmis við almenna launaþróun. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er.

3. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd bankans skal skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund bankans. Umfjöllun um niðurstöðu skýrslunnar skal koma fram í ársskýrslu bankans. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð skal setja nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar og gera opinberar á heimasíðu bankans.

4. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skulu greidd föst mánaðarleg laun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Jafnframt skulu bankaráðsmönnum greidd laun fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs. Við ákvörðun um fjárhæð launa skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu bankans. Af launum skal greiða lífeyrisiðgjald í samræmi við reglur á almennum vinnumarkaði. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um laun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um launin sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

5. gr. Starfskjör bankastjóra og stjórnenda

Starfskjör bankastjóra og stjórnenda bankans skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu.

Ekki skal gera samninga við bankastjóra og lykilstarfsmenn bankans sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur bankastjóra og lykilstarfsmanna skal ekki vera lengri en tólf mánuðir, að teknu tilliti til ábyrgðar og verkefna.

6. gr. Starfskjarastefna dótturfélaga og fleira

Bankaráð bankans skal stuðla að því að starfskjarastefnur dótturfélaga hans séu samkeppnishæfar en hóflegar og ekki leiðandi.

Jafnframt skal bankaráð stuðla að því að viðmið um starfskjör, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu, komi þar fram með skýrum hætti.

Bankastjóri skal leggja fyrir bankaráð tillögur dótturfélaga að starfskjarastefnum þeirra, sem og tillögur að stjórnarlaunum.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

7. gr. Breytilegir kjarabættir

Bankinn skal ekki gera eða heimila samninga um kaupauka, þ.e. ekki heimila samninga um starfskjör sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef bankaráð bankans hyggst taka upp kaupaukakerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

8. gr. Stjórnendatrygging

Landsbankinn skal sjá til þess að á hverjum tíma sé í gildi stjórnendatrygging sem nær m.a. til bankaráðsmanna, bankastjóra og lykilstarfsmanna bankans, bæði núverandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra fyrir bankann í samræmi við ákvæði viðkomandi tryggingarskilmála.

9. gr. Upplýsingagjöf

Bankinn skal gera grein fyrir kjörum bankaráðsmanna, kjörum bankastjóra og kjörum hvers og eins framkvæmdastjóra í framkvæmdastjórn í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

10. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er sett á grundvelli 57. gr. a. í lögum um fjármálafyrirtæki.

Starfskjarastefnan er samþykkt af bankaráði og tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftár en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi bankans.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á að taka til máls um tillöguna.

Ari Skúlason, hluthafi í Landsbankanum og formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna, óskaði eftir að taka til máls. Hann gagnrýndi stjórnendur Landsbankans og sagðist telja þá hafa brotið skyldur sínar gagnvart Lífeyrissjóði bankamanna með alvarlegum hætti. Sagði hann það vera skyldu sína sem stjórnarmaður Lífeyrissjóðsins að upplýsa um þetta.

Ari vísaði til 1. gr. starfskjarastefnu bankans, m.a. um að traust ríki um stjórn og starfsemi bankans, að bankinn sé í forystu á sviði góðra stjórnarháttanna og sjálfbærni og að hagsmuna hans sé gætt í hvívetna, sem á ekki síst við um orðspor og trúverðugleika. Benti hann á að á síðustu mánuðum hafi stjórnendur Landsbankans leyft flutning fleiri tuga starfsmanna sinna úr Lífeyrissjóði bankamanna yfir í Íslenska lífeyrissjóðinn, sem rekinn er af bankanum, algjörlega í trássi við samþykktir sjóðsins og viðtæknar venjur á íslenskum vinnumarkaði. Ari lýsti því mati sínu að með þessu framferði hafi stjórnendur bankans ekki starfað í anda starfskjarastefnunnar, þar sem þeir þverbrjóti samþykktir lífeyrissjóðsins og allar reglur, venjur og hefðir um lífeyrismál á íslenskum vinnumarkaði.

Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri, tók til máls og sagði Landsbankann vera stofnaðila að Lífeyrissjóði bankamanna og í samþykktum sjóðsins komi fram að bankinn skuli beina starfsfólki sínu til lífeyrissjóðsins. Þessi mál hafi verið rædd frá árinu 2018 við lífeyrissjóðinn og lífeyrismál starfsfólks séu mikilvægt réttindamál fyrir starfsfólk.

Bankinn hafi hins vegar ekki aðgang að ársfundi sjóðsins, en um þetta er fjallað í samþykktum sjóðsins. Það er óumdeilt að öllu starfsfólki bankans sé beint í sjóðinn, en framkvæmdin meðal annarra aðildarfyrirtækja Lífeyrissjóðs bankamanna sé aftur á móti mjög misjöfn.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Bankastjóri skýrði frá því að þessi mál hafi verið tekin til skoðunar eftir að starfsfólk kom að máli við sig og aðra stjórnendur. Staðan sé sú að tvö aðildarfyrirtækjanna hafi algjörlega hætt að fylgja þessu ákvæði gömlu samþykktanna. Þegar starfsfólk hafi sóst eftir því að greiða í annan lífeyrissjóð, þá hafi það verið samþykkt. Starfsfólk hafi rík réttindi til að velja sér lífeyrissjóð, en lög kveði á um að hver og einn skuli borga í samtryggingarsjóð.

Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls.

Starfskjarastefnan var því næst borin upp og samþykkt mótatkvæðalaust með handauppréttingu.

6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa

Engar tillögur höfðu borist um breytingar á samþykktum.

7. Kosning bankaráðs

Samkvæmt samþykktum bankans skulu kosnir sjö bankaráðsmenn fyrir komandi starfsár og tveir til vara, en formaður skal kosinn sérstaklega.

Í fundarboði kom fram að tilkynningar um framboð til bankaráðs skyldu hafa borist Skrifstofu bankastjóra, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, fyrir kl. 16:00, sunnudaginn 14. apríl 2024.

Bankasýsla ríkisins hafði fyrir fundinn og innan tilskilins frests tilkynnt um framboð eftirtalinna einstaklinga í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar:

Aðalmenn:

Jón Þorvarður Sigurgeirsson
Eva Halldórsdóttir
Kristján Þ. Davíðsson
Rebekka Jólensdóttir
Steinunn Þorsteinsdóttir
Þór Hauksson
Örn Guðmundsson

Varamenn:

Sigurður Jón Björnsson
Stefanía G. Halldórsdóttir.

Þá tilnefndi Bankasýsla ríkisins Jón Þorvarð Sigurgeirsson í kjöri formanns bankaráðs.

Ásgeir Brynjar Torfason og Kristín Vala Ragnarsdóttir höfðu enn fremur tilkynnt um framboð sín til bankaráðs fyrir fundinn.

Samkvæmt ákvæðum í samþykktum Landsbankans skal kosning bankaráðs vera skrifleg, ef tillögur koma fram um fleira fólk en kjósa skal. Fundarstjóri tók fram að skrifleg atkvæðagreiðsla fari því fram um aðalmenn, kosning þurfi að vera leynileg og verði tryggt að svo verði. Þrír efstu karlarnir og þrjár efstu konurnar nái kjöri svo og sá sem er í 7. sæti.

Fundarstjóri fór nánar yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar og tók m.a. fram að það muni fara fram meirihlutakosning og því skuli að hámarki krossa við 7 manns á atkvæðaseðli til að fullnýta atkvæðin. Kosið yrði um formann þegar niðurstaða liggja fyrir úr kosningu bankaráðs.

Tveir frambjóðendur óskuðu eftir að kynna sitt framboð áður en gengið var til atkvæða, Kristín Vala Ragnarsdóttir og Ásgeir Brynjar Torfason.

Kristín Vala benti á þekkingu sína sem hún taldi myndi koma sér vel sérstaklega vel fyrir Landsbankann þegar litið væri til áhættuþátta. Hún er jarðfræðingur að mennt og kvaðst hafa

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

mikla yfirsýn yfir jarðfræði Íslands og þróun eldgosa á Reykjanesi. Auk þess hafi hún unnið mikið að umhverfismálum og hafi þekkingu á þeim breytingum sem geta orðið með súrnun sjávar, sjávarstöðubreytingum, breytingum á veðurfari o.fl.

Ásgeir Brynjar Torfason tók til máls og sagðist telja það lýðræðislegu skyldu sína að bjóða upp á sína krafta í bankaráði, m.a. fyrir minni hluthafa. Hann fór stuttlega yfir sinn starfsferil og ræddi einnig um samskipti Bankasýslunnar við bankaráð.

Því næst var gengið til skriflegrar atkvæðagreiðslu.

Fundarstjóri skýrði frá því að lokinni talningu að greidd voru 32 atkvæði og voru 4 seðlar auðir. Fundarstjóri lýsti rétt kjörin í bankaráð sem aðalmenn þau Jón Þorvarð Sigurgeirsson, Evu Halldórsdóttur, Kristján Þ. Davíðsson, Rebekku Jóelsdóttir, Steinunni Þorsteinsdóttur, Þór Hauksson og Örn Guðmundsson, en þau hlutu yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Fundarstjóri lýsti því yfir að Jón Þorvarður Sigurgeirsson teldist þar með sjálfkjörinn sem formaður bankaráðs. Jafnframt voru varamenn lýstir sjálfkjörnir þar sem fleiri framboð höfðu ekki borist.

8. Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd

Fyrir fundinum lá fyrir eftirfarandi tillaga:

Lagt er til að Hjörleifur Pálsson verði kjörinn í endurskoðunarnefnd félagsins sem utanaðkomandi nefndarmaður.

Tillagan er lögð fram með vísan til 2. mgr. 108 gr. a. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 6/2024.

Engin óskaði eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlíð.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

9. Kosning endurskoðanda

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga:

Lagt er til að aðalfundur kjósi ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda félagsins fyrir rekstrarárið 2024. Í samræmi við heimildir ríkisendurskoðanda til að útvista verkefnum sínum hefur hann tilnefnt í framhaldi af útboði um verkefnið endurskoðunarfyrtækið PricewaterhouseCoopers ehf. til að annast endurskoðun ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2024.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt.

10. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga um þóknun bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Lagt er til að laun bankaráðsmanna verði kr. 521.000 á mánuði, laun formanns bankaráðs verði kr. 909.000 á mánuði og laun varaformanns verði kr. 645.000 á mánuði. Því til viðbótar skuli greiða bankaráðsmönnum kr. 258.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs en auk þess fái formenn undirnefnda bankaráðs greiddar kr. 58.000 á mánuði. Laun varamanns í bankaráði verði kr. 261.000 fyrir hvern setinn bankaráðsfund eða fund með fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfismat en þó aldrei hærra en laun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 521.000 á ári. Þá verði þóknun utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd kr. 258.000 á mánuði.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að um væri að ræða u.þ.b. 3,2% hækkun til samræmis við hækkun í helstu kjarasamningum.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Enginn óskaði eftir að taka til máls og var tillagan því næst borin upp.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Heimild til kaupa á eigin hlutum

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga undir þessum dagskrárlíð:

Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern hlut skal vera bókfært virði hvers hlutar, þ.e. samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár, samkvæmt síðasta birta ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2025. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.

Enginn óskaði eftir að tjá sig um tillöguna.

Tillagan var borin upp og samþykkt.

12. Önnur mál

Engar ályktunartillögur eða önnur mál voru borin upp undir þessum líð.

Jón Þorvarður Sigurgeirsson, nýkjörinn formaður bankaráðs, tók til máls í lok fundarins og þakkaði hluthöfum traustið. Jafnframt þakkaði hann fráfarandi bankaráðsmönnum fyrir störf þeirra fyrir bankann. Þá þakkaði hann starfsfólki fundarins fyrir vel skipulagðan fund og sagðist hlakka til samstarfs við nýtt bankaráð og stjórnendur bankans.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að sér og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð eftir fundinn og komu ekki fram athugasemdir við það fyrirkomulag.

Fundarstjóri sagði fundinum slitið kl. 18:02.

Jóhannes Karl Sveinsson
Fundarstjóri

Kristinn Briem
Fundarritari

Undirritunarsíða

Undirritað af
Jóhannes Karl Sveinsson

Undirritað af
Kristinn Briem